

**Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar-júní 2008**

**Greiðsluuppgjör** ríkissjóðs fyrir fyrri helming ársins 2008 liggur nú fyrir. Samkvæmt uppgjörinu er breyting á handbæru fé frá rekstri jákvæð um 27,5 milljarða króna innan ársins, sem er 4,1 milljarði lakari útkoma heldur en á sama tíma í fyrra. Tekjur reyndust um 7,5 milljörðum hærrí en í fyrra á meðan að gjöldin hækka um 22,9 milljarða króna. Hreinn lánsfjárfjöfnuður er jákvæður um 26 milljarða króna, sem er 66,3 milljörðum hagstæðari útkoma en á sama tíma í fyrra.

**Sjóðstreymi ríkissjóðs janúar-júní 2004-2008**

	Í milljónum króna				
	2004	2005	2006	2007	2008
Innheimtar tekjur	133.537	165.540	182.826	218.083	225.573
Greidd gjöld	136.937	151.887	153.160	175.411	198.325
<b>Tekjujöfnuður</b>	<b>-3.401</b>	<b>13.653</b>	<b>29.666</b>	<b>42.672</b>	<b>27.248</b>
Söluhagn. af hlutabr. og eignahl.	-	-	-	-	-
Breyting viðskiptahreyfinga	1.945	1.883	40	-11.057	222
<b>Handbært fé frá rekstri</b>	<b>-1.456</b>	<b>15.536</b>	<b>29.706</b>	<b>31.615</b>	<b>27.470</b>
<b>Fjármunahreyfingar</b>	<b>1.903</b>	<b>10.379</b>	<b>-2.208</b>	<b>-71.961</b>	<b>-1.486</b>
<b>Hreinn lánsfjárfjöfnuður</b>	<b>446</b>	<b>25.915</b>	<b>27.498</b>	<b>-40.346</b>	<b>25.984</b>
<b>Afborganir lána</b>	<b>-28.604</b>	<b>-30.002</b>	<b>-38.873</b>	<b>-32.201</b>	<b>-31.415</b>
Innanlands	-3.601	-13.775	-24.100	-21.357	-15.854
Erlendis	-25.004	-16.227	-14.773	-10.844	-15.561
<b>Greiðslur til LSR og LH</b>	<b>-3.750</b>	<b>-1.900</b>	<b>-1.980</b>	<b>-1.980</b>	<b>-1.980</b>
<b>Lánsfjárfjöfnuður, brúttó</b>	<b>-31.908</b>	<b>-5.988</b>	<b>-13.355</b>	<b>-74.527</b>	<b>-7.411</b>
<b>Lántökur</b>	<b>34.778</b>	<b>9.579</b>	<b>16.246</b>	<b>46.612</b>	<b>62.319</b>
Innanlands	11.226	5.305	8.146	43.278	62.319
Erlendis	23.552	4.274	8.100	3.334	-
<b>Breyting á handbæru fé</b>	<b>2.870</b>	<b>3.591</b>	<b>2.890</b>	<b>-27.915</b>	<b>54.908</b>

**Innheimtar tekjur** ríkissjóðs á fyrri helmingi ársins námu rúmlega 225,5 ma.kr. sem er aukning um 7,6 ma.kr. frá sama tíma árið 2007 eða um 3,5% að nafnvirði. Skatttekjur og tryggingagjöld námu 206 ma.kr. sem samsvarar 5,2% aukningu að nafnvirði á milli ára. Á sama tíma hefur almennt verðlag hækkað um 7,8% (VNV án húsnæðis) og skatttekjur og tryggingagjöld hafa því dregist saman um 2,4% að raunvirði. Aðrar rekstrartekjur námu tæplega 17 ma.kr. og jukust um 16,4% frá sama tímabili í fyrra. Þar af er mest aukning í vaxtatekjum af skammtímalánum ríkissjóðs sem skýrist m.a. af því að innistæður ríkissjóðs

eru meiri nú en í fyrra og vaxtastigið er hærra. Þá var eignasala ríkissjóðs rúmlega 2 ma.kr. á fyrstu sex mánuðum ársins.

Skattar á tekjur og hagnað námu tæplega 85 ma.kr. sem er aukning um 9,6% frá sama tíma árið áður. Þar af nam tekjuskattur einstaklinga um 46 ma.kr. og jókst um 4,8% að nafnvirði á milli ára. Tekjuskattur lögaðila nam rúmlega 12,5 ma.kr. og jókst um 1,8% frá sama tíma árið áður. Skattur af fjármagnstekjum nam tæplega 26 ma.kr. og jókst um 24,5% að nafnvirði á milli ára en innheimta hans fer að langmestu leyti fram í janúar hvert ár. Innheimta eignarskatta nam rúmum 4 ma.kr. sem er samdráttur upp á 23% á milli ára. Stimpilgjöld, sem eru um 80% eignarskattanna, drógust saman um 878 milljónir króna á tímabilinu eða um 20,5%.

Innheimta almennra veltuskatta nam 92,5 ma.kr. á fyrri helmingi ársins og jókst um 2% að nafnvirði frá sama tíma árið áður en dróst hins vegar saman um 5,4% að raunvirði (miðað við hækkun vísitölu neysluverðs án húsnæðis). Þegar horft er á 6 mánaða hlaupandi meðaltal nemur raunlækkun veltuskatta nú 5,6% en innheimta almennra veltuskatta gefur ágæta mynd af þróun innlendar eftirspurnar. Virðisaukaskattur er stærsti hluti veltuskattanna og skilaði hann ríkissjóði rúmlega 65,5 ma.kr. á tímabilinu sem er 1,3% aukning að nafnvirði frá fyrstu sex mánuðum ársins 2007 en 6% raunlækkun. Virðisaukaskattur í júnímánuði einum dróst hins vegar saman að nafnvirði um 9,4% frá júnímánuði 2007. Þá nemur raunlækkun virðisaukaskatts 3,6% þegar litið er á 6 mánaða hlaupandi meðaltal. Aðrir veltuskattar námu tæplega 27 ma.kr. frá janúar til júní, tæplega 1 ma.kr. meira en í fyrra. Þá námu tekjur vegna tolla og aðflutningsgjalda tæpum 3 ma.kr. og tekjur af tryggingagjöldum tæpum 20,5 ma.kr. sem er aukning um annars vegar 28,9% og hins vegar 3,5% á milli ára.



**Greidd gjöld** nema 198,3 milljörðum króna og hækka um 22,9 milljarða króna frá fyrra ári, eða um 13,1%. Mest hækkun milli ára er á liðunum efnahags- og atvinnumál 4,9 milljarðar króna eða 22,1% og munar þar mestu um 3 milljarða króna hækkun til samgöngumála á milli ára. Greiðslur til almennrar opinberrar þjónustu hækka um 4,8 milljarða króna eða 19,1% og til almannatrygginga- og velferðarmála um 4,3 milljarða króna eða 10,9%. Hlutfallslega er mest hækkun á liðnum varnarmál, en Ratsjárstofnun kemur inn sem ný stofnun undir þennan lið á þessu ári. Liðurinn Löggæsla, réttargæsla og öryggismál hækkar um 24,9% eða 2 milljarða króna og vegur þar þyngst Landhelgisjórður vegna smíði varðskips og liðurinn húsnæðis, skipulags og veitumál hækka um 19,5% milli ára og munar þar mestu um auknar fjárveitingar vegna leiguíbúða.

**Lánsfjárfjöfnuður** ríkissjóðs er neikvæður um 7,4 milljarða króna á fyrri helmingi ársins, en var neikvæður um 74,5 milljarðar króna á sama tíma í fyrra. Hreinn lánsfjárfjöfnuður nam 26 milljörðum króna janúar til júní, en var neikvæður um 40,3 milljarða króna fyrir sama tímabil á síðasta ári. Viðsnúningurinn skýrist að mestu leyti af 30,3 milljarða króna kaupum ríkissjóðs á hlut Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar í Landsvirkjun og eiginfjárukningu Seðlabanka Íslands með 44 milljarða króna eiginfjárframlagi á síðasta ári.

#### **Tekjur ríkissjóðs janúar-júní 2006-2008**

	Milljónir króna			Breyting frá fyrra ári, %		
	2006	2007	2008	2006	2007	2008
<b>Skatttekjur og tryggingagjöld</b>	<b>172.169</b>	<b>196.121</b>	<b>206.246</b>	<b>16,3</b>	<b>13,9</b>	<b>5,2</b>
<b>Skattar á tekjur og hagnað</b>	<b>65.047</b>	<b>77.264</b>	<b>84.719</b>	<b>33,5</b>	<b>18,8</b>	<b>9,6</b>
Tekjuskattur einstaklinga	38.315	44.126	46.259	12,2	15,2	4,8
Tekjuskattur lögaðila	12.787	12.383	12.611	165,3	-3,2	1,8
Skattur á fjármagnstekjur	13.945	20.756	25.849	43,0	48,8	24,5
<b>Eignarskattar</b>	<b>5.449</b>	<b>5.494</b>	<b>4.232</b>	<b>-27,3</b>	<b>0,8</b>	<b>-23,0</b>
<b>Skattar á vöru og þjónustu</b>	<b>81.743</b>	<b>90.767</b>	<b>92.541</b>	<b>9,8</b>	<b>11,0</b>	<b>2,0</b>
Virðisaukaskattur	56.145	64.697	65.566	7,4	15,2	1,3
Vörugjöld af ökutækjum	5.879	4.736	5.424	14,8	-19,4	14,5
Vörugjöld af bensíni	4.265	4.334	4.281	9,7	1,6	-1,2
Skattar á olíu	2.903	3.278	3.471	11,5	12,9	5,9
Áfengisgjald og tóbaksgjald	5.338	5.615	5.668	4,1	5,2	0,9
Aðrir skattar á vöru og þjónustu	7.213	8.106	8.131	33,9	12,4	0,3
<b>Tollar og aðflutningsgjöld</b>	<b>1.601</b>	<b>2.292</b>	<b>2.956</b>	<b>5,9</b>	<b>43,2</b>	<b>28,9</b>
<b>Aðrir skattar</b>	<b>375</b>	<b>513</b>	<b>1.321</b>	<b>11,1</b>	<b>37,0</b>	<b>157,3</b>
<b>Tryggingagjöld</b>	<b>17.955</b>	<b>19.790</b>	<b>20.477</b>	<b>15,3</b>	<b>10,2</b>	<b>3,5</b>
<b>Fjárframlög</b>	<b>306</b>	<b>470</b>	<b>207</b>	<b>30,9</b>	<b>53,6</b>	<b>-56,0</b>
<b>Aðrar tekjur</b>	<b>10.065</b>	<b>14.536</b>	<b>16.921</b>	<b>-40,8</b>	<b>44,4</b>	<b>16,4</b>
<b>Sala eigna</b>	<b>287</b>	<b>6.787</b>	<b>2.200</b>	.	.	.
<b>Tekjur alls</b>	<b>182.826</b>	<b>217.913</b>	<b>225.573</b>	<b>10,4</b>	<b>19,2</b>	<b>3,5</b>

**Gjöld ríkissjóðs janúar–júní 2006-2008**

	<u>Milljónir króna</u>			<u>Breyting frá fyrra ári, %</u>	
	2006	2007	2008	2007	2008
Almenn opinber þjónusta	20.689	24.999	29.772	20,8	19,1
Þar af vaxtagreiðslur	6.728	8.985	10.231	33,5	13,9
Varnarmál	266	309	846	16,2	173,8
Löggæsla, réttargæsla og öryggismál	6.979	7.998	9.992	14,6	24,9
Efnahags- og atvinnumál	19.038	22.326	27.268	17,3	22,1
Umhverfisvernd	1.679	1.783	1.900	6,2	6,6
Húsnæðis- skipulags- og veitumál	204	221	264	8,3	19,5
Heilbrigðismál	41.176	45.572	49.557	10,7	8,7
Menningar-, íþróttá- og trúmál	6.855	8.120	8.845	18,5	8,9
Menntamál	18.219	20.563	22.420	12,9	9,1
Almannatryggingar og velferðarmál	33.617	38.996	43.270	16,0	10,9
Óregluleg útgjöld	4.440	4.523	4.193	1,9	-7,3
<b>Gjöld alls</b>	<b>153.160</b>	<b>175.411</b>	<b>198.325</b>	<b>14,5</b>	<b>13,1</b>